

Slanga fjarlægð úr nýra

Undirbúningur

- Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.
- Ekki er þörf á sérstökum undirbúningi fyrir komu á deild.

Slanga fjarlægð úr nýra

Hjúkrunarfræðingur eða læknir fjarlægir slöngu sem liggur inn í nýra. Umbúðir eru losaðar frá húð og slanga dregin varlega út. Búast má við lítilsháttar óþægindum en ekki er þörf á deyfingu fyrir inngripid.

Eftir að slanga hefur verið fjarlægð

- Vatnsheldar umbúðir eru settar yfir opið sem lokast á um einum sólarhring. Litlir límplástrar eru settir yfir opið sem má fjarlægja þegar þeir byrja að losna frá húðinni. Fjarlægja má ytri umbúðir eftir 24 klukkustundir ef hætt er að vessa úr opinu.
- Óhætt er að fara í sturtu, en ekki má fara í bað eða sund í eina viku frá því að slanga er fjarlægð vegna hættu á sýkingu.
- Forðast á að lyfta þungum hlutum (5 kg eða þyngri) fyrsta sólarhringinn eftir að slangan er fjarlægð og að stunda íþróttir eða líkamlega áreynslu fyrstu tvo sólarhringana.
- Ef verkir eru til staðar má taka verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki, samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.
- Ráðlagt er að drekka um 1,5-2 lítra af vökva á sólarhring.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir komu á göngudeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C eða skjálfti gerir vart við sig
- Viðvarandi verkur er í baki eða síðu
- Þvagútskilnaður minnkar
- Blóð er í þvagi
- Þvag er gruggugt eða illa lyktandi
- Roði og hiti er við opið

Í neyðartilfellum og utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8:00-16:00

543 7100

Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn

543 1000